



Undirbúningsnámskeið vegna borgaralegrar fermingar Námskeiðslýsing

Markmið: Markmið undirbúningsnámskeiðs fyrir borgaralega fermingu er að efla heilbrigð og farsæl viðhorf ungmenna til lífsins. Leitast er við að styrkja ábyrgðarkennd þátttakenda og virðingu fyrir sjálfum sér, umhverfi sínu og öðru fólki. Mikið er lagt upp úr umhugsunarvirkni, að hugsa, undrast, spyrja og rökræða eru þættir sem mikið er lagt upp úr.

Námsþættir:

Gagnrýnin hugsun. Gagnrýnin hugsun felst í því að staldra við og skoða hvað býr að baki þeim upplýsingum, fullyrðingum og skoðunum sem hellast yfir okkur á degi hverjum. Dæmi um spurningar sem sá gagnrýni spyr eru. Hvernig veistu? Getur þú útskýrt betur? Hvaða ástæðu hefur þú fyrir því sem þú segir? Hefur þú sannanir? Hver eru rökin? eru önnur sjónarmið til staðar og aðrar hliðar á málinu? Hverjar eru afleiðingarnar?

Að búa í auglýsinga- og neylusamfélagi. Mörg tilboð berast ungu fólki. Sum þeirra eru án efa mjög freistandi en eru ekki endilega góð. Í þessum námsþætti eru lífsgildin rökrædd og aulýsingar og tilboð ýmiskonar skoðuð með gagnrýnu hugarfari. Spurt er hvað þarf maður að hafa í huga áður en maður tekur tilboði sem freistar manns?

Siðfræði. Siðfræði er sú grein sem fjallar um rétt og rangt, gott og illt og hvernig líf sé best að lifa. Þátttakendur fá að greina og takast á við ýmis siðferðileg álitamál.

Mannréttindi. Gerð er grein fyrir mannréttindum og þátttakendur fá að spreyta sig á ýmsum verkefnum sem þeim tengjast.

Fjölmennningarleg færni. Samfélag okkar hefur tekið miklum breytingum að undanfögnu. Fjöldi ólíkra einstaklinga býr nú í samfélaginu og hefur mikilvægi þess að vera fær í samskiptum aukist að sama skapi. Fjallað er um fordóma og samskipti í fjölmennningarlegu samfélagi.

Um samskipti unglunga og fullorðinna. Fjallað er um samskipti unglunga og fullorðinna, einkum foreldra og unglunga.

Að efast um dularfullar gátur tilverunnar. Margt er til sem erfitt er að útskýra. Ýmis dularfull fyrirbæri verða skoðuð og fá þátttakendur að velta því fyrir sér hvað má taka trúanlegt og hvað ekki.

Hamingjan og tilgangur lífsins. Hamingjan er án efa það mikilvægasta sem hægt er að hugsa sér. Fjallað er um hamingjuna og tilgang lífsins og fá þátttakendur að velta fyrir sér sínum eigin hugmyndum um hamingjuríkt líf.

Að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Skoðað er mikilvægi þess að bera virðingu fyrir umhverfinu. Lögð er áhersla á að fá þátttakendur til að íhuga ýmislegt sem hefur með umhverfismál að gera og tengist fyrst og fremst hversdagslegu lífi.

Sjálfsmyndin og samskipti kynjanna. Sjálfsmyndin er samansafn allra þeirra hugmynda sem maður hefur um sjálfan sig. Fátt er mikilvægara en góð sjálfsmynd. Fjallað er um sjálfsmynd unglunga og samskipti kynjanna.

Að verða fyrir sorg og áföllum. Allir verða fyrir sorg og áföllum á lífsleiðinni. Fjallað verður um áföll, sorg og sorgarviðbrögð og einnig rætt hvernig gott er að koma fram við þá sem verða fyrir sorg, t.d. vini sem missa einhvern nákominn.

Um skaðsemi áfengis og vímuefna. Fjallað um skaðsemi áfengis og vímuefna.

Að rökræða í stað þess að rífast. Þátttakendur fá að skiptast á skoðunum og spreyta sig á að rökræða ýmis álitamál þar sem virðing fyrir andmælandanum er mikilvæg. Gerður er greinarmunur á kappræðum annarsvegar og rökræðum hinsvegar.

Foreldrar / forráðamenn boðnir velkomnir. Undir lok námskeiðs, yfirleitt í næstsíðustu kennslustund eru foreldrar / forráðamenn boðnir velkomnir. Þar fá þeir að kynnast því sem gert var á námskeiðinu, skiptast á skoðunum, spyrja og koma með tillögur um það sem betur má fara.

Umsjónarmaður námskeiðs og aðalkennari er Jóhann Björnsson kennari og MA í heimspeki. Öll forföll ber að tikynna til hans í síma 8449211 eða í netfangið johann@sidmennt.is.